

**Ed.** **60. Frumvarp til laga** [58. mál]  
um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatekjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1977 með sömu viðaukum og á undanförunum árum.